

Jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands 2010 - 2014

Jafnréttisstarf í Háskóla Íslands tekur til jafnréttis í víðum skilningi. Jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs byggist á jafnréttisáætlun *Háskóla Íslands 2009 - 2013: Jafnrétti karla og kvenna*, og tekur mið af *Stefnu gegn mismunun* og *Stefnu í málefnum fatlaðra*. Í jafnréttisáætlun HÍ 2009 - 2013 segir:

Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið að vera ávallt í fararbroddi í jafnréttismálum, það er skólanum metnaðarefni að hlúa vel að málaflöknum innan skólans og ennfremur að þróa sérþekkingu á sviði jafnréttismála til gagns fyrir samfélagið í heild.

Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun felur í sér ásetning til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli aldurs, fötlunar, heilsufars, kyns, kynhneigðar, trúarbragða og stjórnmálaskoðana, þjóðernis, uppruna, litarháttar, menningar eða stöðu að öðru leyti, sem lítilsvirðir eða misbýður einstaklingi eða hópi sem fyrir henni verður. Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs telur mikilvægt að hafa heildrænt sjónarhorn á jafnréttisstarfið og í jafnréttisáætlun sem hér fer á eftir er leitast við að taka mið af því að ofangreindir þættir eru ávallt samtvinnaðir í reynd. Þar sem starf að kynjajafnrétti á sér lengri sögu en annað jafnréttisstarf eru aðferðir á því sviði þróaðri og meira útfærðar en á öðrum sviðum. Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs stefnir að því að þróa aðferðir kynjajafnréttis til að ná yfir jafnrétti margbreytileikans í samræmi við þá þætti sem *Stefna gegn mismunun* tekur til.

Áætlunin er í sjö köflum og byggð upp með hliðsjón af Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands þar sem tilgreind eru jafnréttismarkmið og aðgerðir til að bæta aðstæður og kjör starfsfólks og nemenda, ásamt aðgerðum til að jafna aðild kvenna og karla að nefndum, stjórnnum og ráðum Háskóla Íslands. Þá eru kaflar um samþættingu jafnréttissjónarmiða, um aðgerðir til að sporna gegn klámvæðingu innan Háskólans, og um fordóma í garð minnihlutahópa. Tilgreind eru markmið fyrir hvert ofangreindra sviða, ásamt því að skilgreina aðgerðir, ábyrgðaraðila og tímaramma. Sumar aðgerðanna eiga sér skýrt afmarkað upphaf og endi en önnur þarf ávallt að hafa til hliðsjónar. Greinargerð um stöðu kynjanna á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands fylgir jafnréttisáætluninni.

Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs er skipuð til þriggja ára og starfar samkvæmt erindisbréfi sem samþykkt var á fundi sviðsstjórnar Félagsvísindasviðs þ. 6. janúar 2010. Nefndin starfar samkvæmt stefnum Háskóla Íslands í jafnréttismálum auk þess sem hún hefur valið sér tvö áherslusvið í jafnréttisstarfi. Þau eru að þróa aðferðir til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við starfsemi sviðsins og sporna gegn klámvæðingu og kynferðislegri og kynbundinni áreitni.

I. Aðstæður, staða og kjör kvenna og karla

Starfsfólk Félagsvísindasviðs er margbreytilegur hópur kvenna og karla sem vinna margvísleg störf. Þegar sviðið er skoðað í heild kemur í ljós lóðrétt og lárétt kynjaskipting í störf. Karlar eru fleiri eftir því sem ofar dregur en konur fleiri í störfum í neðri þrepum. Töluverður munur er þó á milli deilda, námsbrauta og stofnana. Þá er til staðar lárétt kynjaskipting milli deilda og námsbrauta þannig að konur eru í meirihluta í nokkrum greinum innan sviðsins en karlar í öðrum. Launakjör innan Háskóla Íslands eru flókin og ráðast af mörgum þáttum. Ekki eru forsendur til að meta launamun miðað við núverandi upplýsingar án ítarlegri rannsókna. Markmið og aðgerðir hér á eftir byggjast á gögnum úr greinargerð um stöðu jafnréttismála á Félagsvísindasviði haustið 2009 og vorið 2010. Markmið sviðsins eru að tekið sé tillit til margbreytileika starfsmanna í öllu starfi, engum hópum sé mismunað og að stuðlað sé að jafnari kynjaskiptingu í störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að stuðla að jafnari kynjaskiptingu í störf.	Í auglýsingum um störf skal vekja athygli á því markmiði að jafna hlutfall kynjanna.	Rekstrarstjóri, deildarforseti og starfsmannasvið.	Alltaf þegar stöður eru auglýstar.
Auka kynjavitund. <i>Forsendur</i> Að til séu samanburðarhæf kyngreind gögn á milli tímabila.	Meta hvort viðmið séu, meðvitað eða ómeðvitað, sniðin að öðru kyninu fremur en hinu, eða einum hópi fremur en öðrum, með hliðsjón af þeim þáttum sem Stefna gegn mismunun tekur til.	Rekstrarstjóri, deildarstjóri, dómnefndir og valnefndir.	Alltaf þegar ráðið er í stöður.
	Safna skal saman kyngreindum gögnum um aldur, menntun, rannsóknarstig og framgang starfsfólks og búinn til gagnagrunnur sem hægt er að bera saman milli tímabila.	Rekstrarstjóri og deildarstjóri í samstarfi við jafnréttisnefnd.	Alltaf þegar starfsfólk er ráðið eða fær framgang í starfi. Gerður verði samanburður annað hvert ár.

<p>Að starfsfólk njóti jafnra launa óháð kynferði.</p> <p><i>Forsendur</i></p> <p>Að skipulegt eftirlit sé með hvort greidd sé sömu laun fyrir sömu störf til starfsfólks sviðsins.</p> <p>Að til séu samanburðarhæf kyngreind gögn á milli tímabila.</p>	<p>Kannað verði hvað valdi þeim kynjamun sem fram kemur í stöðumati vorið 2010.</p>	<p>Rekstrarstjóri og deildarstjóri í samstarfi við jafnréttisnefnd.</p>	<p>2010 – 2011.</p>
	<p>Gerð verði skipuleg samantekt á launum og kjörum starfsfólks Félagsvísindasviðs og fylgst með þróun og breytingum launa á milli tímabila.</p>	<p>Rekstrarstjóri og deildarstjóri í samstarfi við jafnréttisnefnd.</p>	<p>2011 og síðan á þriggja ára fresti.</p>
<p>Að starfsfólk með fötlun hafi vinnuaðstæður við hæfi.</p> <p>Auka vitund um stöðu ólíkra hópa.</p>	<p>Sviðið geri viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir svo starfsfólki með fötlun sé gert kleift að taka virkan þátt í háskólastarfinu.</p>	<p>Sviðsforseti.</p>	<p>Alltaf.</p>
<p>Að starfsfólk af erlendum uppruna hafi vinnuaðstæður við hæfi.</p> <p>Auka vitund um stöðu ólíkra hópa.</p>	<p>Sviðið geri viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir svo starfsfólki af erlendum uppruna sé gert kleift að taka virkan þátt í háskólastarfinu.</p>	<p>Sviðsforseti.</p>	<p>Alltaf.</p>
<p>Að andrúmsloft sé laust við fordóma og mismunun gagnvart starfsfólki.</p> <p>Auka vitund um stöðu ólíkra hópa.</p>	<p>Ekki skal gengið út frá því sem vísu að allir séu í sömu stöðu eða sambærilegri stöðu, t.d. af íslenskum uppruna og jafnvígir á íslenska tungu, gagnkynhneigðir eða ófatlaðir, hvorki í formlegum né í óformlegum samskiptum.</p>	<p>Allt starfsfólk.</p>	<p>Alltaf.</p>

II. Aðild kvenna og karla að nefndum, stjórnun og ráðum Háskóla Íslands

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 um tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Í samræmi við samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða á að taka mið af sjónarmiðum beggja kynja eftir því sem við á í innra starfi nefnda, stjórna, ráða, starfshópa og hvers kyns vinnuhópa.

Nefndir á vegum Félagsvísindasviðs eru þrjár: Jafnréttisnefnd, kennslunefnd og vísindanefnd. Á vormisseri 2010 voru jöfn kynjahlutföll í jafnréttis- og kennslunefnd en í vísindanefnd voru konur tvær af sex nefndarmönnum. Félagsvísindasvið tilnefnir einnig í starfsnefndir Háskólans. Af starfsfólki sviðsins voru fjórir karlar og ein kona tilnefnd í starfsnefndir Háskólans, ásamt tveimur konum úr nemendahópi. Að auki var einn karl tilnefndur í skipulagsnefnd. Töluverð kynjaslagsíða er á þessum tilnefningum og mikilvægt að safna saman gögnum um tilnefningar yfir lengra tímabil til að hægt sé að meta hvort um mynstur sé að ræða og hvernig hægt er að bregðast við því. Markmið og aðgerðir hér á eftir byggja á gögnum úr greinargerð um stöðu jafnréttismála á Félagsvísindasviði.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Við skipan í nefndir, stjórnir, ráð, starfshópa og hvers kyns vinnuhópa á vegum Háskóla Íslands og stofnana hans skal hlutfall kynja vera sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008. Auka vitund um mikilvægi þess að bæði kyn komi til jafns að stefnumótun og ákvarðanatöku í Háskóla Íslands.	Nýtt ákvæði 15. gr. jafnréttislaga um tilnefningar í stjórnir, ráð og nefndir verði kynnt fyrir starfsfólki í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan skólans.	Jafnréttisnefnd.	2010 – 2011.
	Þegar tilnefnt er í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir skal tilnefna bæði karl og konu. Þetta á við um valnefndir og dómnefndir. Einnig þegar allir umsækjendur um tiltekið starf eru af sama kyni.	Tilnefningaraðilar og þau sem óska eftir tilnefningum.	Alltaf.

	Skipulega verði haldið til haga upplýsingum um tilnefningar sviðsins svo til séu kyngreind gögn á milli tímabila.	Rekstrarstjóri, deildarstjóri og tilnefningaraðilar í samstarfi við jafnréttisnefnd.	Alltaf.
	Greint hvort kerfislægt mynstur er í tilnefningum í nefndir innan sviðsins. Ef svo reynist vera þarf að skoða hvort það eigi sér eðlilegar og málefnalegar skýringar.	Rekstrarstjóri, deildarstjóri og tilnefningaraðilar í samstarfi við jafnréttisnefnd.	Fyrir endurskoðun jafnréttisáætlunar.

III. Aðstaða og möguleikar nemenda í námi og að námi loknu

Nemendur Félagsvísindasviðs eru margbreytilegur hópur en 63% þeirra eru konur og 37% karlar, samkvæmt tölum frá janúar 2010. Í Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild eru hlutföll kynjanna á bilinu 40 - 60%. Í Félags- og mannvísindadeild og Félagsráðgjafadeild eru konur í meirihluta.

Stjórnendur og aðilar innan Háskóla Íslands sem starfa að jafnréttismálum eru almennt þeirrar skoðunar að staða samkynhneigðra nemenda og starfsmanna sé nokkuð góð, skv. skýrslu Félagsvísindastofnunar (2009) um stöðu og þróun jafnréttismála innan HÍ 2003 - 2007. Hins vegar sýnir skýrsla Jóhanns Wium og Guðjóns Hauksonar (2004) um stöðu og líðan samkynhneigðra stúdenta að aðstæðum þeirra sé ábótavant.

Tæplega 500 nemendur voru með samning við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands um sértæk úrræði í námi skólaárið 2008 - 2009, samkvæmt skýrslu Félagsvísindastofnunar (2010) um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007-2009, og hefur fjöldi þeirra margfaldast síðan 1995.

Í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000 -2004 var kveðið á um að „jafnréttissjónarmið og kynjafræðileg umfjöllun verði fléttuð inn í námsefni þeirra deilda þar sem það á við. Í fyrirlestrum og við leiðbeiningar um val á lefsefni skal vekja athygli á skrifum og rannsóknum beggja kynja eftir því sem við á“. Ákvæðið var fellt út við endurskoðun 2005 og er ekki inni í nógildandi áætlun (2009 - 2013). Þetta er gagnrýnt í skýrslunni

Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003 – 2007 (2009) og mælt með að ákvæðið sé sett inn aftur í samræmi við jafnréttislög frá árinu 2008 sem kveða á um kynjasambættingu í skólastarfi.

Markmið og aðgerðir hér á eftir byggja á gögnum úr greinargerð um stöðu jafnréttismála á Félagsvísindasviði.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Það er langtímamarkmið Félagsvísindasviðs að auka margbreytileika meðal nemenda og minnka kynjaskiptingu innan deilda og námsbrauta. Stefnt verði að því að auka hlut nemenda af því kyni sem er í minnihluta í deildum og námsbrautum á sviðinu.</p>	<p>Safna skal saman kyngreindum gögnum um fjölda nemenda í deildum, greinum og námsleiðum og staðan borin saman á milli ára og yfir tímabil.</p>	<p>Deildarstjórar.</p>	<p>Annað hvert ár.</p>
	<p>Unnið verði gegn staðalmyndum sem kunna að ríkja um deildir og námsgreinar í kynningarefni og markaðsstarfi sviðsins.</p>	<p>Deildarstjórar og kynningar- og markaðstjóri sviðsins.</p>	<p>Alltaf.</p>
	<p>Þar sem við á verði jafnréttissjónarmið og kynjafræðileg umfjöllun fléttuð inn í námsefni deilda og námsbrauta og leitast við að nota námsefni sem endurspeglar margbreytileika mannlífsins.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Alltaf.</p>
	<p>Þar sem við á skal vekja athygli á skrifum og rannsóknum beggja kynja í fyrirlestrum og við leiðbeiningar um val á lesefni.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Alltaf.</p>

<p>Það er markmið Félagsvísindasviðs að andrúmsloft sé laust við fordóma og mismunun gagnvart nemendum.</p>	<p>Starfsfólk og stúdentar skulu ekki ganga út frá því sem vísu að allir séu í sömu stöðu eða sambærilegri stöðu, t.d. gagnkynhneigðir og ófatlaðir, hvorki í kennslu, samstarfi né í óformlegum samskiptum.</p>	<p>Allt starfsfólk.</p>	<p>Alltaf.</p>
--	--	-------------------------	----------------

IV. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða

Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs er í samstarfi við námsleiðina *Hagnýt jafnréttisfræði* um sérstakt tilraunaverkefni sem nefnist „Jafnréttispróun í háskóla“. Markmið verkefnisins er að nýta þá þekkingu sem til er innan námsleiðarinnar til að samþætta kynjasjónarmið í starf sviðsins. Samkvæmt 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skal kynjasamþættingar gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfi. Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands kveður einnig á um að öll fræðasvið skólans eigi að samþætta jafnréttissjónarmið inn í starfsemi sína. Í skýrslunni *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003 – 2007* kemur fram að Háskólinn uppfyllir ekki ákvæðið um að samþætta kynjasjónarmið í starf sitt.

Með tilraunaverkefninu „Jafnréttispróun í háskóla“ vorið 2010 tók Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs fyrstu skrefin í lögboðinni samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og stefnir að áframhaldandi þróunarstarfi á því sviði. Nemendur í námskeiðinu „Frá bróðurparti til systkinalags: Hagnýting jafnréttisfræða“ unnu samþættingarverkefni í samstarfi við deildir og stofnanir sviðsins sem verða nýtt við þróun verkefnisins.

Markmið og aðgerðir hér á eftir byggja á gögnum úr greinargerð um stöðu jafnréttismála á Félagsvísindasviði.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í starf Félagsvísindasviðs í samræmi við 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og jafnréttisáætlun Háskóla Íslands.	Haldnir verði fræðslufundir fyrir starfsfólk og stjórnendur Félagsvísindasviðs um jafnrétti og margbreytileika, og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.	Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs í samstarfi við jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.	Árlega.
	Verkefninu „Jafnréttispróun í háskóla“ verði haldið áfram með það að markmiði að það standi öllum deildum, námsbrautum og stofnunum Félagsvísindasviðs til boða.	Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs og umsjónarkennari kynjafræðináms.	Vormisseri 2011 og 2012.
	Deildir og stofnanir hugi að margbreytileika og kynjaskiptingu þegar opinberir viðburðir og samkomur eru haldnir í nafni Félagsvísindasviðs.	Allir sem standa að opinberum viðburðum í nafni deilda og stofnana innan Félagsvísindasviðs.	Alltaf.
	Hugað verði að aðgengi fyrir fatlaða á opinberum viðburðum og samkomum sem haldnar eru í nafni Félagsvísindasviðs.	Allir sem standa að opinberum viðburðum innan Félagsvísindasviðs.	Alltaf.

V. Klámvæðing og kynferðisleg áreitni

Klámvæðing og kynferðisleg og kynbundin áreitni er hið síðara af tveimur áherslusviðum jafnréttisnefndar Félagsvísindasviðs. Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar „Einelti og kynferðisleg áreitni“ (2004) eiga einelti og kynferðisleg áreitni sér stað innan Háskóla Íslands. Á opnum umræðufundi um klám og menningu í Háskóla Íslands þ. 24. mars 2010 var athygli vakin á klámmenningu innan Háskóla Íslands og eru dæmi um slíkt á Félagsvísindasviði. Kennurum og starfsmönnum á Félagsvísindasviði hafa borist kvartanir frá samstarfsfólki og nemendum um klámmenningu innan sviðsins. Almennri þekkingu á því hvað klámvæðing og kynferðisleg áreitni fela í sér virðist ábótavant og farvegi fyrir mál af þessu tagi hefur skort. Mikilvægt er að bæta þar úr. Markmið og aðgerðir hér á eftir byggja á gögnum úr greinargerð um stöðu jafnréttismála á Félagsvísindasviði.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Auka þekkingu á hvað klámvæðing og kynferðisleg áreitni er og hvernig hægt er að sporna gegn henni.	Haldnir verði fræðslufundir fyrir starfsfólk, stjórnendur og nemendur Félagsvísindasviðs um klámvæðingu, kynferðislega og kynbundna áreitni.	Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs í samstarfi við jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.	Verði lokið fyrir næstu endurskoðun jafnréttisáætlunar.
Að til séu skýrar reglur um hvernig bregðast skuli við klámvæðingu og kynferðislegri áreitni innan sviðsins.	Jafnréttisnefnd móti tillögur til deildarforseta og stjórn sviðsins fyrir ábendingar og kvartanir um klámvæðingu og kynferðislega áreitni og meðferð slíkra mála í samræmi við verklagsreglur Háskólans.	Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs.	Verði lokið fyrir maí 2011.

Að stuðla að fordómalausum samfélagi sem er laust við klámvæðingu og kynferðislega áreitni.	Skoðuð verði menning og andrúmsloft innan Félagsvísindasviðs með tilliti til kynja- og jafnréttissjónarmiða og hvort þar sé að finna fordóma gagnvart þeim hópum sem kveðið er á um í Stefnu gegn mismunun.	Deildarforsetar í samráði við jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs.	Alltaf.
	Í samræmi við minnisbréf rektors frá 31. mars 2010 verði sérstaklega leitað eftir samstarfi við fulltrúa nemenda og stjórnir nemendafélaganna.	Deildarforsetar í samráði við jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs.	Alltaf.

VI. Fordómar í garð minnihlutahópa

Fordómar í garð minnihlutahópa byggjast á staðalmyndum, skilningsleysi og þekkingarleysi. Fordómar og mismunun haldast gjarnan í hendur. Það ýtir undir fordóma og mismunun ef einstaklingar og hópar eru dæmdir út frá viðmiðum eigin hóps, og ef reynsla og eiginleikar annarra eru álitnir óæðri eigin reynslu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að útrýma fordómum og mismunun gagnvart minnihlutahópum á Félagsvísindasviði.	Unnið verði gegn staðalmyndum um minnihlutahópa og fordómum í þeirra garð í öllu starfi Félagsvísindasviðs.	Allir.	Alltaf.
	Að kynna farvegi mála vegna meintrar mismununar sem kveðið er á um í stefnu HÍ gegn mismunun.	Deildarforsetar í samráði við jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs.	Verði lokið fyrir maí 2011.

VII. Eftirfylgni og endurskoðun

Áætlun þessi verður gerð opinber á vef Félagsvísindasviðs, kynnt á þingi sviðsins, á póstlistum starfsmanna og nemenda og í kynningarefni eftir því sem við á. Jafnréttisáætlun þessa skal endurskoða á 3 ára fresti.